

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 73/2012****2012/EES/43/39****frá 30. mars 2012****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 328/2011 frá 5. apríl 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað, að því er varðar tölfræðigögn um dánarorsakir ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18z (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008) í XXI. viðauka við samninginn:

„18z1. **32011 R 0328**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 328/2011 frá 5. apríl 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað, að því er varðar tölfræðigögn um dánarorsakir (Stjtið. ESB L 90, 6.4.2011, bls. 22).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Stjórnvöld í Liechtenstein þurfa ekki að senda gögn um andvana fædd börn.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 328/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 37, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 44.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 90, 6.4.2011, bls. 22.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.